

2022 | ÁGÚST
FJÁRMÁLAEFTIRLITID



ÁHÆTTUPÆTTIR VIÐ
VEITINGU GREIÐSLUÞJÓNUSTU

Fræðsluefni vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fræðsluefni þetta er hugsað sem leiðbeiningar fyrir greiðsluþjónustuveitendur samkvæmt lögum nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu sem sæta eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Greiðsluþjónusta getur verið mjög fjölbreytt hvað varðar virkni og skipulag og getur m.a. falið í sér víðtækan flutning á fjármunum á milli aðila eða verið takmörkuð við tiltekin viðskipti/söluaðila. Í lögum nr. 114/2021 er skilgreint hvað telst til greiðsluþjónustu og hvaða tegundir greiðsluþjónustu falla utan gildissviðs laganna.

Efninu er ætlað að auðvelda aðilum á þessum markaði að koma auga á áhættuþætti hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vera til leiðbeiningar um áhættumat í starfsemi þeirra og á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, sbr. 5. gr. laga nr. 140/2018.

Það skal áréttað að efni þetta telst ekki tæmandi en það byggir m.a. á viðmiðunarreglum EBA (European Banking Authority) um áhættuþætti¹ og leiðbeiningum Financial Action Task Force (FATF) um áhættumiðaða nálgun fyrir fyrir fram greidd kort, farsímagreiðslur og netgreiðslur², eftir því sem við á.

1. Final Report on Guidelines on revised ML TF Risk Factors.pdf (europa.eu)

2. Guidance for a Risk-Based Approach to Prepaid Cards, Mobile Payments and Internet-Based Payment Services.

Skilgreiningar

Hvað er peningaþvætti?

Það er kallað peningaþvætti þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum

um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningaþvættis?

Frumbrot er þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peninga-

þvættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningaþvættis eru fjársvik, fjárdráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingarbrot o.fl.

Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér sjálfur um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a-c almennta hegningarlaga nr. 19/1940.

Áhættuþættir vegna greiðsluþjónustu

Hvað er átt við með áhættuþáttum?

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka að gera áhættumat á annars vegar starfsemi sinni og hins vegar á samningssamböndum og einstökum viðskiptum.

Áhættumatinu er ætlað að greina hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi aðilans. Við matið þarf að greina tiltekna áhættuþætti. Áhættumat á starfsemi skal að lágmarki taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnun, viðskiptalöndum eða svæðum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum.

Áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum skal byggja á áhættumati á starfsemi skv. A-lið 5. gr. laga nr. 140/2018. Tilkynningarskyldir aðilar skulu tryggja að áhættumat á samningssamböndum endurspegli fyrirliggjandi áhættu á hverjum tíma og sé í samræmi við þau viðskipti sem viðskiptamaður stundar. Í því felst að aðilar skulu ekki

eingöngu meta áhættu tengda samningssambandi við upphaf viðskiptasambands heldur hafa aðferðir til að fylgjast með áhættuþáttum sem gætu haft áhrif á fyrirliggjandi áhættumat s.s. áhættuþætti tengdri hegðun viðskiptamanns á meðan á samningssambandi stendur.

Við mat á því hvernig áhættuþættir skulu áhættuflokkaðir skal horft til allra viðeigandi áhættuþátta, sem geta einir og sér eða samanlagt, aukið eða dregið úr hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Hafa ber í huga að stakur áhættuþáttur felur ekki í öllum tilvikum í sér meiri áhættu, og að margir áhættuþættir geta einnig saman myndað þá áhættu.

1. Áhættuþættir tengdir vörum, þjónustu og viðskiptum

Dæmi um þætti sem geta **aukið** áhættu:

- Varan eða þjónustan heimilar nafnleynd;
- Varan eða þjónustan heimilar háar greiðslur eða engin fjárhæðamörk eru á upphæð greiðslu;
- Varan eða þjónustan er veitt yfir landamæri;
- Varan eða þjónustan heimilar greiðslur milli einstaklinga

Dæmi um þætti sem að geta **dregið** úr áhættu:

- Fjármunir sem notaðir eru við greiðslu eru af reikning greiðanda hjá lána- eða fjármálastofnun á Evrópska efnahagssvæðinu;
- Takmörkun á virkni greiðsluleiða eða þjónustu við afmörkuð landfræðileg svæði

2. Áhættuþættir tengdir viðskiptamanni

Tilkynningarskyldir aðilar skulu áhættuflokka viðskiptamenn sína út frá mati á áhættu tengdri peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, að lágmarki með hliðsjón af þeim þáttum sem kveðið er á um í B. lið 5. gr. laga nr.140/2018.

Í þeim tilvikum þar sem gerður er samningur við viðskiptamann um veitingu greiðsluþjónustu þarf greiðsluþjónustuveitandi að átta sig á eðli og tilgangi viðskipta viðskiptamanns í því skyni að ganga úr skugga um að vara og þjónusta viðskiptamanns séu lögmæt auk þess að leggja mat á áhættu tengda peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í rekstri og viðskiptum hans. Ef um viðskiptamann er að ræða sem býður upp á netviðskipti þá þurfa tilkynningarskyldir aðilar jafnframt að skilja markhóp söluaðilans og leggja mat á væntanlegt umfang færslna og fjárhæð viðskipta í því skyni að geta greint frávik og grunsamleg viðskipti.

Dæmi um áhættuþætti tengda **starfsemi** viðskiptamanns:

- Viðskiptamaður stundar starfsemi þar sem að mikið magn af reiðufé er notað;
- Fyrirtæki viðskiptamanns er með flókið og/eða ógagnsætt eignarhald
- Starfsemi viðskiptamanns gæti verið tengd við fjármögnun hryðjuverka vegna þess að hann er opinberlega þekktur fyrir öfgakenndar skoðanir eða þekktur fyrir að tengjast skipulagðri glæpastarfsemi

Dæmi um um áhættuþætti tengda **hegðun** viðskiptamanns:

- Þörfum viðskiptamanns gæti verið betur mætt hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda, t.d. vegna þess að landfræðileg staðsetning viðskiptamanns er ekki sú sama og greiðsluþjónustuveitandans;
- Hegðun viðskiptamanns virðist ekki hafa efnahagslegan tilgang, t.d. samþykkir viðskiptamaður háa þóknun eða greiðslu hárra viðskiptagjalda án athugasemda;
- Viðskiptamaður er óviljugur, ófær um að veita áreiðanlegar upplýsingar við áreiðanleikakönnun eða veitir ósamrýmanlegar upplýsingar

- Tíðar breytingar á persónuupplýsingum viðskiptamanns, s.s. heimilisfangi, vistfangi eða upplýsingum tengdum bankareikningum;

Dæmi um þætti sem geta **dregið** úr áhættu:

- Viðskiptamaður hefur verið lengi í viðskiptasambandi við greiðsluþjónustuveitanda og fyrri hegðun hefur ekki gefið tilefni til grunsemda og ekkert sem gefur til kynna aukna hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

3. Áhættuþættir tengdir löndum og svæðum

Dæmi um þætti sem að geta **aukið** áhættu:

- Tengsl við lönd eða landsvæði sem eru þekkt fyrir að fjármagna og styðja hryðjuverk,³ eða þar sem hryðjuverka-samtök starfa;
- Tengsl við lönd þar sem vitað er að umfangsmikil skipulögð brotastarfsemi þrífist, spilling og annars konar glæpastarfsemi (þ. á m. gegnumferðarlönd fyrir fíkniefnasölu, mansal og ólögleg fjárhættuspil);
- Tengsl við lönd sem sæta þvingunarráðstöfunum eða annars konar viðurlögum af hálfu alþjóðlegra stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna;
- Tengsl við lönd sem eru þekkt fyrir veika stjórnskipan, löggæslu og regluverk, þar á meðal ríki sem FATF hefur skilgreint sem ríki með veikt eftirlit með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;

3. Þekkt samkvæmt trúverðugum heimildum frá viðurkenndum alþjóðastofnunum á heimsvísu og öðrum aðilum sem gefa upp slíkar upplýsingar opinberlega. Þetta geta verið FATF (Financial Action Task Force) og sambærilegir aðilar, auk alþjóðlegra aðila eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, World Bank og Egmont Group of Financial Intelligence Units.

- Viðskiptamaður er með aðsetur í landi sem talið er tengjast aukinni hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;
- Fjármagn sem notað er í viðskiptunum kemur frá landi sem talið er tengjast aukinni hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

4. Áhættuþættir tengdir dreifileiðum

Dæmi um þætti sem geta **aukið** áhættu:

- Dreifing á vöru eða þjónustu í gegnum netið án fullnægjandi varna, s.s. rafrænna skilríkja sem uppfylla skilyrði laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og annarra svikavarna;
- Viðskipti fara ekki fram augliti til auglitis en það getur aukið hættu á auðkennisþjófnaði og að viðskiptamaður gefi ónákvæmar upplýsingar í því skyni að hylma yfir raunverulegt auðkenni sitt;
- Dreifing í gegnum milligönguaðila sem eru ekki sjálfir tilkynningarskyldir aðilar skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og tilkynningarskyldur aðili:
 - Reiðir sig á milligönguaðilann til að framkvæma hluta af skyldum greiðsluþjónustuveitanda samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;
 - Hefur ekki tryggt að aðgerðir milligönguaðilans séu í samræmi við lög og reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;

- Skiptir þjónustunni í þætti sem unnir eru af mismunandi aðilum, þ.e. veiting greiðsluþjónustu er skipt milli sjálfstæðra þjónustuaðila þar sem getur skort yfirsýn og samhæfingu.

Áhætta tengd samstarfi um veitingu greiðsluþjónustu

Greiðsluþjónustuveitendur geta verið útsettari fyrir áhættu þegar þeir eru í samstarfi um veitingu greiðsluþjónustu. Greiðsluþjónustuveitandi sem notar milligönguaðila til þess að afla viðskipta eða veita þjónustu sína, t.d. sölumenn, umboðsmenn og samstarfsaðila skal greina sérstaka áhættuþætti sem felast í slíkrri milligöngu. Í öllum tilvikum skal aðili skilja hver milligönguaðilinn er og framkvæma áhættumat á honum – áður en hann stofnar til viðskiptasambands við aðilann. Sé milligönguaðilinn ekki sjálfur tilkynningarskyldur aðili er það greiðsluþjónustuveitandinn sjálfur sem að ber ábyrgð á að lögum um aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé fylgt. Það er því mikilvægt fyrir greiðsluþjónustuveitandann að leggja mat á áhættu sem felst í notkun milligönguaðila. Í sumum tilvikum teljast fleiri en einn aðili sem eru í samstarfi tilkynningarskyldir samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Til þess að átta sig á því hvort svo sé þarf að fara fram greining á hlutverki hvers og geta í sumum tilfellum báðir aðilar borið ábyrgð á að fullnægja lagalegum skyldum varðandi aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Oft getur reynst erfitt að meta áhættuna sem felst í starfsemi milligönguaðila, sérstaklega í þeim tilvikum þegar aðili starfar á alþjóðavettvangi, í mismunandi lögsögum.

Áhættumat á rekstri milligönguaðila ætti að fela í sér mat á áhættu sem tengist eftirfarandi þáttum:

- Milligönguaðilar sem grunaðir eru um refsiverð athæfi, sérstaklega fjármálaglæpi eða tengsl við brotamenn.

- Milligönguaðilar sem staðsettir eru í áhættusömu ríki eða í ríki þar sem eftirliti er verulega ábótavant.
- Milligönguaðilar sem þjónustar áhættumikla viðskiptamenn án þess að grípa til viðeigandi aðgerða.
- Milligönguaðilar sem þekktir eru fyrir að fylgja ekki reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eða sem hafa hlotið neikvæða umfjöllun í virtum fjölmiðlum eða hjá löggæsluaðilum.
- Milligönguaðilar sem hafa vanrækt að sinna skyldum um þjálfun starfsmanna varðandi peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Milligönguaðilar sem viðhafa veikt eftirlit eða sem eru með ófullnægjandi varnir eða ekki er hægt að staðfesta gæði þeirra.

Reglubundið eftirlit

Í ljósi eðlis greiðsluþjónustu ættu greiðsluþjónustuveitendur að ígrunda vel hvaða stýringar og eftirlitskerfi eru innleidd, til þess að tryggja fullnægjandi eftirlit með færslum og samningssamböndum og tryggja að stýringarnar geti greint óvenjulegar eða grunsamlegar færslur.

Við mat á viðeigandi eftirlitskerfum, skulu greiðsluþjónustuveitendur ganga úr skugga um að þau kerfi sem notast er við séu í samræmi við stærð, eðli, umfang og margbreytileika starfseminnar og viðskiptanna. Þá þarf greiðsluþjónustuveitandinn að hafa viðeigandi þekkingu á því hvernig eftirlitskerfið virkar í framkvæmd og tryggja að það endurspegli metnar áhættur í rekstri hans.

Greiðsluþjónustuveitendur ættu a.m.k að innleiða kerfi sem tryggja fullan rekjanleika viðskipta í greiðslukeðjunni.

